



Handbók fyrir golfdómara

Inngangur

Handbók þessari er ætlað að vera golfdómurum til aðstoðar við störf þeirra. Skál handbókin mynda grunn að gæðastaðli fyrir dómara og störf þeirra. Er æskilegt að dómara temji sér vinnubrögð í samræmi við það sem fram kemur í þessari handbók og ættu staðlar þeir sem hún setur að vera viðmið fyrir öll stærri og mikilvægari mót. Handbókina er að finna á www.golf.is/reglur undir kaflanum **Dómaramál**.

Á vef Gölsambands Íslands (GSÍ), www.golf.is er að finna upplýsingar um allt sem viðkemur starfsemi sambandsins. Sérstaklega skal bent á upplýsingar um lög og reglugerðir undir kaflanum **Reglur**. Einnig er hægt að nálgast þar nafnalista dómara með netfangi og síma undir kaflanum **Dómaramál**.

Hægt er að ná í starfsmenn GSÍ í farsíma utan skrifstofutíma ef spurningar vakna. Allar upplýsingar er að finna á www.golf.is.

Reglubundinn undirbúningur dómara

Dómari verður að vera vel að sér í golfreglum þannig að reglulegur lestur þeirra ásamt því að kynna sér túlkánir og verklag nefnda er nauðsynlegt. Hægt er nálgast reglurnar ásamt öðru efni á www.randa.org bæði á ensku og á íslensku.

Dómari þarf að fylgjast með breytingum sem gerðar eru á reglugerðum GSÍ sem snúa að bæði keppnisiskilmálum og reglum sem snerta keppendur. En þær er að finna á www.golf.is/reglur/ undir kaflanum **Lög og reglugerðir**.

Dómari skal kynna sér siðareglur golfdómara en þær er að finna á www.golf.is/reglur undir kaflanum **Dómaramál**.

Móti úthlutað til dómara

Um leið og dómara er falið ákveðið mót skal hann skrá mótið hjá sér þannig að hann muni að mæta við undirbúning mótsins og á mótið sjálft.

Dómari skal verða sér úti um keppnisiskilmála mótsins og fara yfir þá til að vera kunnugur þeim og vera viss um að hann geti dæmt eftir þeim. Sé eitthvert það atriði í keppnisiskilmálum sem dómari telur að ekki sé hægt að dæma eftir skal hann snúa sér til mótanefndar mótsins vegna breytinga á þeim atriðum.

Dómari skal kynna sér skipulag vallarins sem mótið á að fara fram á. Skál dómari sérstaklega hafa í huga hvar vandamál geta komið upp á vellinum í mótinu.

Æskilegt er að dómari leiki viðkomandi völl sé hann ekki kunnugur honum fyrir, til þess að átta sig betur á þeim stöðum, sem vandræðum geta valdið, svo og hvernig hann geti haft besta yfirsýn yfir völlinn á meðan mót fer fram.

Þá er gott fyrir dómara að renna yfir Opinberar leiðbeiningar 2019, sem finna má undir kaflanum **Dómaramál** á www.golf.is/reglur/, en þær er að finna ýmsar leiðbeiningar varðandi undirbúning og



framkvæmd móta.

Undirbúningur móts

Eigi síðar en viku til hálfum mánuði áður en mót fer fram skal dómari hafa samband við klúbb þann sem heldur mótið og /eða GSI til að fá staðfestingu á því að mótið fari fram.

Um leið og haft er samband við viðkomandi klúbb skal dómari mæla sér mót við vallarstjóra klúbbsins eða annan starfsmann hans til úttekta á vellinum. Úttektin skal helst fara fram eigi síðar en viku fyrir mót sé þess nokkur kostur. Ef aðstæður eru þannig að dómari þarf t.d. að fara um langan veg til að framkvæma úttektina skal dómari koma sjónarmiðum sínum varðandi ástand vallarins til skila til vallarstjóra og þeir vera í sambandi varðandi undirbúning vallarins. Úttekt vallarins af dómarans hálfu skal síðan helst ekki fara fram síðar en tveimur dögum fyrir mót (eða í síðasta lagi daginn áður en völlurinn verður opnaður til æfinga fyrir keppendur), þannig að heill æfingardagur gefist fyrir keppendur (eða fleiri ef keppnisskilmálar gera ráð fyrir því) eftir úttekt áður en sjálft mótið fer fram.

Dómari skal einnig fara fram á að keppnisskilmálar ásamt fyrirhuguðum staðarreglum fyrir væntanlegan mótisdag séu hafðar tilbúnar við úttektina. Hafa skal sýnishorn golfreglnanna sem fyrirmynd að uppbyggingu staðarreglnanna. Sjá nánar [Opinberar leiðbeiningar 2019 - Fyrirmyndir staðarreglna](#)

Úttekt vallar

Úttekt er framkvæmd á vellinum til þess að dómari gangi úr skugga um að merkingar vallarins séu í lagi, að völlurinn sé eins og best verður á kosið og að staðarreglur séu í samræmi við ástand vallarins. Við úttektina skal dómari fara yfir allan völlinn með vallarstjóra eða starfsmanni klúbbsins og skrá hjá sér athugasemdir um leið og úttekt á sér stað. Við úttektina skal dómari hafa í huga hvort völlurinn sé í leikhæfu ástandi. Í því sambandi er rétt að hafa í huga að golf er leikið á velli utanhúss sem á, sem slíkur, að endurspegla það umhverfi sem hann er í. Þannig er ekki nauðsynlegt að völlurinn sé rennisléttur og gallalaus. Almenna reglan við úttekt valla ætti að vera að ef athugasemd snýr að bletti á eða nálægt eðlilegri leiklínu leikmanna þá skuli taka meira tillit til þeirra en svæða sem eru utan eðlilegrar leiklínu.

Varðandi völlinn sjálfan þarf að athuga:

- Að völlurinn sé vel **afmarkaður** með hælum, línunum eða í skilgreiningum og ekki sé vafamál hvað sé völlurinn og hvað ekki, t.d. með því að öruggt sé að sjónlína sé milli hæla.
(sjá nánar [Opinberar leiðbeiningar 2019 - Verklag nefnda](#))
 - Sérstaklega skal huga að vallarmörkum sem sett eru innan vallar og gilda einungis t.d. við leik einnar brautar. Slík vallarmörk þurfa að vera skýrt afmörkuð sem tilgreinir hvar þau enda, þannig að ekki sé óvissa um hvort bolti er innan vallar eða utan.
- **Blind svæði.** Ef slík svæði eru á vellinum sem telja má líkleg til að seinka leik skal skoðað með að fá klúbbinn til að vera með framverði til að auðvelda kylfingum að finna bolta og flýta þannig leik. Framvörður skal hafa tvö flögg með sinn hvorum litnum og æskilegt að annað þeirra sé rautt á litinn og hitt með lit sem er vel sjáanlegur.
 - Framvörður skal gefa holli sem er að fara að leika til kynna hvort það sé óhætt eða ekki. Ef hætta er á að næsta holl á undan sé of nálægt skal hann lyfta rauða flagginu en annars hinu.
 - Ef framvörður sér ekki hvar bolti leikmanns lendir eða boltinn farið út af vellinum skal hann lyfta



rauða flagginu. Ef hann sér hins vegar hvar boltinn lendir og hann er innan vallar skal hann lyfta hinu flagginu og þá skiptir ekki máli hvort boltinn stöðvast á snöggslegna svæðinu, í karga eða á vítasvæði.

- Litir flagganna gefa leikmönnum bara til kynna hvort hann ætti að leika varabolta eða ekki og alls ekki hvort hann er leikhæfur þaðan sem hann stöðvaðist eða ekki, enda gilda allt aðrar reglum um óleikhæfa bolta.
- Rétt er að upplýsa leikmenn um framverði og liti þeirra flagga sem notuð verða ásamt þýðingu þeirra.
- **Nýr gróður** sem ástæða er til að vernda.
 - Ef um **nýsáð svæði** er að ræða er rétt að merkja það sem grund í aðgerð hvar sem er innan vallarsvæðis og hvort leikur innan þess sé bannaður eða leyfður.
 - Ef um **ung tré** er að ræða sem á að verja þá þarf að skilgreina þau í staðarreglum nema þau séu öll á sama svæðinu. Ef þau eru á sama svæði þá merkja svæðið sem grund í aðgerð þá banna leik innan svæðisins, en annars merkja með einhverjum hætti þau tré sem á að verja, eða setja staðarreglu sem er skýr, t.d. að öll tré minni en t.d. 3 járn falli undir þessa vernd. Gætið þess þó að ef nota á lengd kyflu til afmörkunar í svona dæmum þá þarf að velja til þess kyflu sem líklegt er að a.m.k. einn leikmanni í hverju holli sé með.
- **Hreiður fugla.** Séu líkur á að leikmenn gætu leikið bolta sínum þannig að fuglum sé hættu búin vegna þess skal skilgreina þau svæði þar sem hreiðrin eru sem grund í aðgerð leikur bannaður ef það er hægt, til að veita fuglunum sem mestan frið. Ef ekki er hægt að skilgreina svona svæði sem grund í aðgerð eða óskynsamlegt að gera það þá setja staðarreglu sem skilgreinir ákveðið svæði í kringum hreiðrin sem grund í aðgerð leikur bannaður.
- Varðandi **bannreiti** sjá nánar [Opinberar leiðbeiningar 2019 - Verklag nefnda](#)
- **Mannvirki innan vallar.** Taka þarf afstöðu til þess hvort skilgreina skuli slík mannvirki sem hluta vallar eða sem óhreyfanlegar hindranir. Rík ástæða þarf að vera fyrir hendi til að vikið sé frá skilgreiningu golfreglna á óhreyfanlegum hindrunum og slík mannvirki skilgreind sem hluti vallar. Sé það hins vegar gert þarf að setja staðarreglu þar að lútandi.
 - Sjá nánar [Opinberar leiðbeiningar 2019 - Verklag nefnda](#)
- Mikið **rusl** á vellinum.
 - Fá skal starfsmenn til að hreinsa völlinn fyrir mót.
 - Boltar frá æfingarsvæði fara mikið inn á völl. Fá skal starfsmann vallarins til að vera viðstaddan mótið og hreinsa slíka bolta reglulega af vellinum.
- Varðandi lausnir frá aðstæðum þar sem erfitt er að finna lausnir skv. golfreglum er rétt að skoða hvort fallreitir gætu verið lausnin og flýtt leik. Í því sambandi er rétt að fara eftir því sem fram kemur í [Opinberum leiðbeiningum 2019 - Verklag nefnda](#)

Algeng atriði sem kvartað er undan og dómari þarf að taka afstöðu til eftir svæðum vallarins eru:

Almenna svæðið:

Á almenna svæðinu þarf að huga að því hvort athugasemdir séu á snöggslegnu svæði eða utan þess.



- Graslaus svæði, oftast á snöggslegnu svæði eru ekki grund í aðgerð nema ef þessi svæði eru jafnframt með skemmdum og eiga þau þá að vera skilgreind sem grund í aðgerð. Hafi verið sáð í svæðin þarf að líta til þess hvort rétt sé að verja svæðin og þá skilgreina þau sem grund í aðgerð og jafnvel grund í aðgerð leikur bannaður.
- Graslaus svæði utan snöggslegins svæðis eru almennt ekki grund í aðgerð nema aðgerðir standi yfir á þeim svæðum. Rétt er þó að horfa til þess hvort þessa svæði sé innan eðlilegrar leiklínu leikmanna og skilgreina þá svæðið sem grund í aðgerð til að flýta leik.
- Snöggslegið svæði er óslétt.
 - Ef svæðið er ekki ósléttara en svo að leika má bolta af því með eðlilegri sveiflu, flokkast svæðið ekki sem grund í aðgerð og kallar ekki á aðgerðir.
 - Ef það eru bollar á svæðinu þar sem ekki er hægt að leika bolta með eðlilegu móti er hins vegar spurning um að skilgreina það sem grund í aðgerð, eða leyfa færslu. Í því sambandi þarf að huga að því hvort þetta sé almennt ástand vallar eða bundið við afmörkuð svæði. Færslur ættu, ef hægt er, að leyfa einungis á þeim svæðum sem þörf getur verið fyrir þær, þó þannig að leikmenn þurfi ekki að leggja á minnið flókinn texta til að vita hvar færslur eru leyfðar.
- Snöggslegna svæði er ójafnt og eru á því bollar með þykkara grasi en annars staðar á snöggslegna svæðinu.
 - Svæði með þykkara grasi er ekki grund í aðgerð. Snöggslegið svæði er íslensk nafnagift fyrir enska heitið *Fairway*, sem þýðir á íslensku leið sem er sanngjörn. Svæði með þykkara grasi er ekki ósanngjarnt. Snöggslegna svæðið þarf því ekki að vera allt snöggslegið og fullkomið. Ef svona svæði eru hins vegar orðin ráðandi þá þarf að huga að öðrum lausnum varðandi svæðið og spurning hvort brautin sé leikhæf.
- Kylfuför. Eru ekki grund í aðgerð, en ef um viðamiklar skemmdir er að ræða vegna kylfufara á snöggslegnu svæði skal skoða með að fá starfsmenn til að laga svæðið, en annars skilgreina eða merkja stærstu svæðin sem grund í aðgerð eða leyfa færslur. Um mjög viðamiklar skemmdir þarf að vera að ræða til að fara þá leiðina.
- Jarðfastir steinar á snöggslegnu svæði. Ef um slíkt er að ræða skal skilgreina það sem óhreyfanlega hindrun eða grund í aðgerð. Best er að það sé gert með almennri staðarreglu sem gildir alls staðar á vellinum á snöggslegnu svæði.
- Gæta ber þess að merkja grund í aðgerð á réttan hátt. Merkingin þarf að ná hringinn í kringum grundina þannig að ekki sé vafi á hvað sé grund og hvað ekki.
 - Aldrei skal merkja grund með einum bláum hæl í miðju án frekari skilgreininga í staðarreglum og þá þurfa mörk grundarinnar að vera þannig að ekki sé vafi á hvort bolti sé innan grundar eða ekki. Ekki skal nota þessa aðferð nema í algerum undantekningartilfellum.
 - Sjá nánar [Opinberar leiðbeiningar 2019 - Óeðlilegar vallaraðstæður](#)

Teigurinn:

- Illa farin teigsvæði. Kanna skal hvort ekki sé hægt að laga slík teigsvæði áður en mótið hefst, en annars velja teiga fyrir mótið á þeim stöðum sem minnst eru skemmd. Skal við það val haft í huga bæði lega boltans og staða leikmanns.
- Teigsvæði grunn eða stallótt, sjá nánar [Opinberar leiðbeiningar 2019 - Teigar](#)



Glompur:

- Ónógur sandur í glompum eða glompa á kafi í vatni. Í þessum tilfellum skal fá starfsmenn til að bæta úr ástandi glompunnar fyrir mót. Ef slíkt er ekki hægt þá skal glompan merkt sem grund í aðgerð og hún jafnframt skilgreind í staðarreglum sem grund í aðgerð.
- Sandur hefur farið mikið úr glompu og liggur í kringum glompuna. Fá skal starfsmenn til að raka sandinn aftur inn í glompuna og þegar því er lokið kanna hvort nægjanlegur sandur sé í glompunni til golfleiks. Ef svo er ekki og ekki hægt að laga það fyrir mót þá merkja glompuna og skilgreina hana sem grund í aðgerð.
- Stórir steinar í glompu eða stór skeljabrot. Ef slíkt er að finna í glompunum skal skilgreina steinana sem hreyfanlegar hindranir. Varðandi skeljabrotin þarf að skoða hvort ástæða sé til að leyfa sömu lausn vegna þeirra, en rétt er að hafa það í huga að skeljarnar brota við leik og hætta smám saman að vera stórar og þá vaknar spurning um það hvað er stór skeljabrot og hvað ekki.
- Sjá nánar [Opinberar leiðbeiningar 2019 - Merking vallar, glompur](#)

Vítasvæði:

- Ákveða þarf hvort vítasvæði séu merkt með rauðu eða bæði rauðu og gulu. Mælt er til þess að rauði liturinn sé hin almenna merking, en ef menn telja að völlurinn tapi einhverju af sérkennum sínum við það er í lagi að nota gular merkingar einnig.
- Allt náttúrulegt vatn eða vatnsfarvegir á vellinum er rétt að skilgreina sem vítasvæði. Rétt er að gæta þess að taka mörkin vel út fyrir vatnið þar sem leikmaður getur ekki áunnið sér víti við leik á bolta innan vítasvæðis umfram það sem hann getur áunnið sér við leik á almenna svæðinu og þess vegna allt í lagi að svæði sé rýmra.
- Við uppsetningar á vítasvæðum, öðrum en í kringum vatn og vatnsfarvegir, þarf að hafa í huga hvað eigi að merkja, tilgang vítasvæðisins og hverjir það eru sem eru að fara að leika völlinn. Hafa þarf í huga að þurfi leikmenn að taka lausn vegna bolta í vítasvæði þá er lausnin að fara út úr vítasvæðinu gegn einu vítahöggi.
 - Ef aðstæður á vellinum eru þannig að leikmenn geti auðveldlega týnt bolta nærri eðlilegri leiklínu þá er eðlilegt að merkja það svæði sem vítasvæði til að vinna tíma þar sem leikmaður þarf þá ekki að fara til baka og endurtaka höggið.
 - Við venjulegar aðstæður eru vellir settir upp með hliðsjón af hinum almenna kylfing. Á mótum og þá sérstaklega GSÍ mótum er hins vegar um að ræða bestu kylfinga landsins og því ástæða til að skoða hvort halda skuli öllum þeim vítasvæðum sem notuð eru við almennan leik. Mjög eðlilegt er að gera meiri kröfur til þessara leikmanna og mætti því vel fækka vítasvæðum vallarins.
- Sjá nánar [Opinberar leiðbeiningar 2019 - Merking vallar, vítasvæði](#).

Flatir:

- Hvort þær séu ójafnar eða skemmdar, þannig að bolti haldi ekki stefnu. Þá er það spurning hversu mikil þessi skemmd sé:
 - Mjög lítil og lítið mál að gera við. Þá að ræða slíka viðgerð við vallarstjóra fyrir mótið.
 - Mikil en bara á einni flöt. Þá er það spurning um að finna lausn þannig að leikur geti farið fram. Sú lausn gæti verið að leyfa færslur á flötinn, eða jafnvel að gera nýja bráðabirgðaflöt í nágrenni



flatarinnar t.d. á snögglegu svæði og hún notuð í mótinu.

- Ekki mikil en á fjölda flata. Þá er spurning um að leyfð verði færsla á þeim flötum. Sé það tekið upp skal það haft í huga að lengd færslu sé ætíð sú sama hjá öllum, þannig að stuðst verði t.d. við einhverja hlið skorkorts.
 - Mikil skemmd og almennt á flötum. Þá er rétt að taka málið upp við mótastjórn til að ákveða hvort viðkomandi golfvöllur sé leikhæfur eða hvort leikur á vellinum skuli telja til forgjafar.
- Sjá nánar [Opinberar leiðbeiningar 2019 - Merking vallar, flatir](#).

Þá er rétt að hafa augun opin hvort það séu einhver önnur atriði á vellinum en þau sem hér hefur verið minnst á sem ástæða er að taka til athugar, t.d.:

- Hvort vernda þurfi sérstaklega ákveðin svæði vallarins, en þá þarf að ákveða hvort merkja eigi svæðið sem grund í aðgerð og banna leik þaðan eða jafnvel umferð á svæðinu.
- Hvort nýtyrfð svæði séu á vellinum þar sem torf er kannski ekki nægjanlega gróið fast, og þá þarf að taka afstöðu til þess hvort allt svæðið verði merkt sem grund í aðgerð eða bara samskeyti torfanna.
- Hvort nýbúið sé að skera í einhvern hluta vallarins til að auka loftræsingu jarðvegsins, en þá þarf að taka afstöðu til þess hvort skilgreina eigi skurðinn á sama hátt og samskeyti torfs og þá sem grund í aðgerð.

Þá þarf dómari að skoða við úttektina hvort einhver svæði séu innan vallarins sem meiri hættu sé á að vandræði gætu skapast og gæta þess þá á mótinu að vera nálægt þessum svæðum til að flýta fyrir lausn mála.

Að úttekt lokinni er rétt að fara yfir niðurstöðu úttektarinnar og ganga frá því með starfsmönnum vallarins hvað hægt sé að bæta úr fyrir mótið.

Því næst eru staðarreglur vallarins yfirfarnar með hliðsjón af þeim athugasemdum sem dómari hefur gert við úttekt hans og gerðar breytingar á þeim ef ástæða er talin til. Dómari skal í því sambandi sérstaklega skoða að í staðarreglum sé ekki að finna ákvæði sem brjóta í bága við golfreglur. Við samningu staðarreglna er rétt fara eftir því sem fram kemur í [Opinberum leiðbeiningum 2019 - Staðarreglur fyrir almennan leik](#).

Dómari skal kynna sér hver sé mótisstjóri og hverjir séu aðrir starfsmenn mótsins og gera sér far um að kynnast viðkomandi aðilum áður en mót hefst til að tryggja eins og kostur er gott samstarf þeirra á mótinu og að allir séu með á hreinu hvert verksvið hvers og eins er.

Dómari skal kynna sér öryggis- og viðbragðsáætlanir vegna slysa fyrir viðkomandi völl þar sem oft er haft samband fyrst við dómara eða hann er fyrsti aðili á vettfang. Gott er fyrir dómari að vita hvaða leiðir eru stýstar fyrir sjúkrabifreiðar að slysstað ef hann þarf að hringja í 112.

Dómari skal ræða við mótisstjórn um kostnað vegna dómgæslu og hvernig gengið verði frá greiðslu fyrir störf dómara. Skal þessi liður frágenginn áður en mót hefst þannig að enginn misskilningur verði á ferðinni síðar.

- Reglan sú að greitt er fyrir þann tíma sem dómari er á mótstað. Sjá útgefinn texta á www.golf.is undir Reglur -> Dómaramál.



- Segjum að rástímar í móti séu frá 8:00 til 14:00, þá er líkleg viðvera frá 7:00 - 19:00 eða 12 tímar.
- Einnig er greitt fyrir ferðakostnað til og frá mótsstað, og ef menn nota eigin bifreið er greitt kílómetragjald og viðmiðið er reglugerð ríkisins um akstursgjald. Ekki hefur tíðkast að greiða fyrir ferðatíma.
- Ef dómari er á staðnum 10-12 tíma þá myndi það telja eðlilegast að hann fái tvær máltíðir, og hressingu þar á milli, t.d. kaffi og vatn. En á endanum er þetta alltaf samkomulag milli dómara og þess klúbbs sem hann er að dæma fyrir.
- Einnig er greitt fyrir úttekt á velli, sem þarf að gera nokkrum dögum áður en mót er haldið. Ef völlur er langt í burtu þá þarf að finna lausn á því þannig að kostnaði sé haldið í lágmarki. Ef mótið er sveitakeppni þá þarf dómari að vera á liðstjórafundum sem er oftast er haldinn kvöldið fyrir 1. keppnisdag. Þarna gæti verið hagkvæmt fyrir báða aðila að dómari sé kominn á keppnisstað og gisti í stað þess að keyra á milli.
- T.d. ef mót er yfir 3 daga, þá gæti klúbburinn skaffað gistingu í stað þess að láta dómara keyra á milli alla daga. Þetta fer þó alltaf eftir fjarlægð frá mótsstað.
- Klúbburinn á einnig að skaffa golfbíl fyrir dómara á mótsstað og samskiptatæki en í síðari árum hafa flestir dómarar notað eigin síma því í flestum tilvikum er verið að hringja í dómara.

Störf á mótsdag

Dómari skal lesa yfir keppnisskilmála, staðarreglur og þær reglur sem sérstaklega lúta að því keppnisfyrirkomulagi sem leikið verður eftir, til að skerpa á kunnáttu sinni í því. Einnig ætti dómari að lesa yfir skilgreininguna á dómara.

Dómari skal athuga að hann sé með öll tilheyrandi áhöld og viðeigandi hlífðarfatnað þar sem veðurfar á Íslandi getur verið mjög breytilegt. Dómari skal vera snyrtilegur til fara.

Þau áhöld sem nauðsynleg eru fyrir dómara eru:

- Golfreglubókin og bókin Official Guide to the Rules of Golf (Opinberar leiðbeiningar 2019)
- Skorkort fyrir viðkomandi völl.
- Staðarreglur og keppnisskilmála.
- Málband eða band til að mæla með (má líka nota fjarlægðamæla).
- Rásklukku eða tæki (t.d. snjallsíma) sem leyfir dómara að mæla tíma.
- Lista yfir keppendur og rástíma þeirra auk tímataflna fyrir leik ef ákvæði eru um tímamörk í leik keppenda.
- Blað eða annað til að skrifa á, og skriffæri, til að skrá hjá sér úrskurði, dóma eða önnur atriði sem gerast í mótinu og dómari þarf að hafa í huga við gerð dómarskýrslu sinnar.
- Regnhlíf (hlífir fyrir regni, vind og sól).

Dómari skal vera mættur það tímalega á keppnisstað að hann geti farið yfir völlinn áður en nokkur keppandi hefur leik, þannig að ef hann sér eitthvað athugavert geti hann látið laga það. Það sem dómari þarf sérstaklega að hafa í huga við slíka skyndiúttekt er:

- Hvort búið sé að slá völlinn fyrir viðkomandi keppni.



- Hvort búið sé að taka nýjar holur fyrir keppnina og flaggstangir séu í öllum holum. Í því sambandi skal dómari athuga að holustaðsetning sé sanngjörn. Holustaðsetning telst ekki sanngjörn ef holan er í minna en fjögurra skrefa (venjuleg gönguskref) fjarlægð frá flatarbrún, nema aðstæður leyfi ekki annað, eða er staðsett í miklum halla þannig að boltinn hafi ekki möguleika á að stöðvast við holu undan eigin þunga.
- Einnig skal hafa veður og þá sérstaklega vind í huga við mat á sanngjarnri holustaðsetningu. Ef vindur er mikill getur það haft mikil áhrif t.d. á lengd brautar svo og hvernig gengur að láta bolta stöðvast á flöt. Þurfa dómarar að huga að því að brautir séu ekki lengdar með holustaðsetningu þannig að áhöld séu um það hvort þar brautarinnar geti haldist. Einnig skal huga að því að bolti fjúki ekki nær undantekningarlaust af flöt ef leikmenn reyna að leika beint á pinna.
 - Að allar glompur séu rakaðar og sléttar.
 - Að teigar séu rétt staðsettir. Í því sambandi þarf dómari að hafa í huga að teigur skal vera tvær kyfulengdir að dýpt, þannig að teigmerkin þurfa að vera staðsett þannig að kyfingar hafi þessar tvær kyfulengdir til að stilla bolta sínum á.
- Hér þarf dómari einnig að huga að vindi og áhrifa hans. Ef mikill meðvindur er á mótsdegi er rétt að láta teiga vera eins aftarlega og hægt er, en ef mikill mótvindur er þá er réttlætanlegt að færa þá vel frammar og styttu þannig brautina sem vindurinn myndi annars lengja allnokkuð. Sérstaklega skal hafa þetta í huga þar sem um langar brautir er að ræða.
 - Dómari skal einnig huga að snyrtingu vallarins og að ekki sé mikið af rusli inni á vellinum. Sem rusl í þessu sambandi flokkast líka æfingaboltar frá æfingarsvæði þar sem þannig háttar til að æfingarsvæði klúbbsins er nægjanlega nálægt vellinum til þess að boltar geti borist af æfingarsvæðinu og inn á völlinn.

Dómari skal fara yfir þau atriði sem ræsir þarf að fara yfir með keppendum áður en keppni hefst til að tryggja samræmi í upplýsingagjöf til keppenda. Í því sambandi er rétt að byggja leiðbeiningar til ræsis á kafla 6A í [Opinberum leiðbeiningum 2019 - Ræsing](#).

Eftir að leikur er hafin skal dómari koma sér fyrir þannig á vellinum að hann sjái yfir sem mestan hluta hans og þannig að sem flestir keppendur sjái hann. Séu fleiri en einn dómari á mótinu skulu þeir skipta með sér störfum en eftir sem áður koma sér þannig fyrir að sem flestir leikmanna viti af þeim á vellinum til að auðvelda þeim að kalla þá til ef á þarf að halda. Jafnframt skal dómari huga að því að vera staðsettur nálægt þeim stöðum sem hann hefur fyrir fram áætlað að reyna muni á golfreglur vegna úrlausna sem leikmenn þurfti að fá.

Ef um holukeppni er að ræða á skal dómari einungis láta þau atriði sig varða, án þess að vera til kallaður, sem nánar er um getið í [Opinberum leiðbeiningum 2019 - Dómarar í holukeppni](#). Dómari skal þó ætíð koma á vettvang ef hann er kallaður til af einhverjum leikmanni.

Í högggleik skal dómari láta sig varða öll brot leikmanna sem hann verður vitni að. Skal hann tilkynna leikmanni um brotið og ritara hans þannig að viðeigandi víti verði skráð með skori leikmanns. Dómari skal líka reyna eins og hægt er að forða leikmanni frá því að brjóta reglurnar með því að benda honum á ef hann er um það bil að brjóta þær. Dómari verður þó að hafa í huga að hann hefur ekki vald til að koma í veg fyrir eða banna leikmanni að brjóta reglurnar viljandi, en vald hans nær hins vegar til þess að leikmaður hljóti það víti sem hann hefur unnið til.



Dómari ætti ekki að gæta flaggstangar eða handleika bolta leikmanna á meðan á leik stendur. Hann getur hins vegar aðstoðað leikmenn í leit að bolta sínum eða sýnt þeim leiklínu þegar leikmaður þarf að leika blint. Dómari skal gæta þess á sama hátt og leikmenn að hann sé ekki að gefa leikmönnum óheimil ráð skv. skilgreiningu golfreglna á ráðleggingu og nánar kemur fram í reglu 10-2. Dómara er þó heimilt eins og leikmönnum að svara spurningum almenns eðlis um völlinn og legu hluta þegar um er að ræða atriði sem eiga að vera þekkt öllum, svo sem um legu brautar, hvar fjarlægðarvísar séu og hvað þeir tákna, um staðsetningu vítasvæða o.s.frv.

Ef dómari er kallaður til af leikmönnum skal hann gefa sér tíma til að kanna aðstæður og hvað kom fyrir þannig að hann hafi sem nákvæmastar og fyllstar upplýsingar um atburðinn til að byggja úrskurðinn á. Eftir að dómari er kominn á staðinn og búinn að bjóða fram aðstoð sína skal hann:

- Fá sem nákvæmastar upplýsingar um staðreyndir málsins.
- Fá upplýsingar frá kylfingnum og öðrum leikmönnum um það hvað viðkomandi leikmaður ætlaði sér að gera þegar atburðurinn átti sér stað. Ef ágreiningur er milli kylfings og annarra leikmanna skal leita upplýsinga frá hverjum þeim sem var nálægur og varð vitni að atburðinum. Ef engir aðrir voru viðstaddir verður dómari að meta trúverðugleika frásagnar viðkomandi aðila, en aðalreglan er að leikmaður njóti vafans séu bara tveir til frásagnar.
- Þegar dómari hefur komist að niðurstöðu um úrskurð ætti hann að gefa leikmönnum upplýsingar um á hvaða reglu reyndi í viðkomandi atviki og gefa þeim tækifæri til að lesa þá reglu ef þeir óska þess. Flokkast þetta undir fræðslu dómara til kylfinga á golfreglum.

Dómari skal hafa í huga að úrskurður hans er endanlegur og verður úrskurði ekki vísað til nefndarinnar nema með samþykki dómara. Af þeim sökum skulu dómara ætíð vanda eins vel og kostur er úrskurði sína, rökstyðja þá vel og gera viðkomandi aðilum rækilega grein fyrir þeim og á hverju þeir byggja.

Dómara skulu jafnframt hafa í huga að þeir geta sjálfir breytt fyrri dómi sínum telji þeir eftir nánari skoðun að hann hafi verið rangur, enda sé það gert áður en viðkomandi móti er lokið og niðurstaða hefur verið kynnt.

Sé brot viðkomandi leikmanns þess eðlis að um frávísunarvíti er að ræða skal dómari hafa í huga að hann hefur ekki vald til að breyta frávísunarvíti. Hins vegar er ekkert sem kemur í veg fyrir að dómari bendi mótisstjórn á mildandi aðstæður séu þær fyrir hendi þannig að mótisstjórn geti ákveðið að breyta frávísunarvítinu. Rétt er að benda á að slíkri breytingu er einungis hægt að beita í einstaka undantekningartilfellum.

Ef dómari verður vitni að kynferðislegri áreitni eða ofbeldi við störf sín sem dómari skal hann tilkynna það til viðeigandi aðila. Sjá leiðbeiningar á vefsíðu ÍSÍ [Kynferðisleg áreitni og ofbeldi](#)



Störf eftir að móti er lokið

Eftir að leik er lokið á mótinu skal dómari vera til staðar til að aðstoða við að úrskurða um hvert það vafaatriði sem upp kemur í meðförum mótisstjórnar eða til að fjalla um kærur sem berast eftir að leik er lokið og áður en úrslit leiks hafa verið opinberuð.

Dómari skal ljúka við dómaraskýrslu sína þegar móti er lokið og skila henni til mótisstjórnar og Dómaranefndar GSÍ. Gæta skal þess að dómaraskýrsla berist Dómaranefnd GSÍ eigi síðar en innan viku frá því að mótinu lauk. Það eru góð vinnubrögð að skrá atvik í dómaraskýrsluna eftir hvern mótisdag á meðan öll atvik eru fersk í minni.

Hafi reglubrot verið framið í mótinu sem varðar frávísun eða staðarreglur um hegðun, skal dómari gera sérstaklega grein fyrir því í dómaraskýrslunni. Ef brotið telst þess eðlis að réttlætanlegt sé að fjallað verði um það sérstaklega þá skal dómari annaðhvort í samráði við viðkomandi mótastjórn eða einn senda kæru til aganefndar GSÍ og skal henni skilað innan viku frá því að mótinu lauk.

Dómaranefnd GSÍ,
Febrúar 2022